

Fyrirmyndarviðmið Kiwanisumdæmisins Ísland-Færeyjar 2011 – 2012

Forsendur

Klúbburinn og klúbbfélagarnir eru hornsteinar Kiwanishreyfingarinnar. Grundvallaratriði er að sérhver félagi sé reiðubúinn til þjónustu. Fyrirmyndarviðmið starfsárið 2011-2012 byggja á því að við viðurkennum féлага og klúbba sem að ná árangri í:

- að auka starf í þágu barna,
- að stuðla að samskiptum Kiwanisklúbba
- að þroska leiðtogaþæfileika allra Kiwanisfélaga,
- að efla þátttöku í þjónustuverkefnum,
- að stuðla að félagafjölgun í hreyfingunni.

Fyrirmyndarklúbbur

Til að hljóta tilnefningu verður klúbburinn að skara framúr í þjónustu, leiðtogafræðslu og eflingu klúbbsins.

Þjónustuverkefni

- ▶ Klúbburinn stofnar og gerist ábyrgðaraðili og/eða gegnir skyldum sínum sem slíkur gagnvart ungliðaklúbbi (5 stig)
- ▶ Klúbburinn tekur þátt í þjónustuverkefni undir kjörorðunum “Hjálpum börnum heimsins”, t.d. Hjálmaverkefni, K-degi, eliminate og/eða öðrum þjónustuverkefnum Kiwanis á heims-, umdæmis-, svæðis- eða klúbbvísu. (10 stig).

Skýrsluskil – Innra starf

Ritari klúbbs skilar inn til svæðisstjóra skýrslum innan tilskilins tíma (5stig)
Nefndir klúbba séu virkar og haldi fundagerðir og nefndir geri grein fyrir starfi sínu á félagsmálafundi.
Klúbbur er með vefsíðu sem er uppfærð reglulega (10stig)

Samskipti

- ▶ Klúbburinn fer í skipulagða heimsókn til annars klúbbs með að lágmarki 5 félaga (10 stig)

Leiðtogafræðsla

- ▶ Allir nýir félagar klúbbsins gangist undir skipulagða nýliðafræðslu (10 stig).
- ▶ Embættismenn (forseti, ritari og féhirðir) klúbbsins sækja boðaða leiðtogafræðslu áður en þeir taka við embætti (30 stig – 10 fyrir hvern embættismann).
- ▶ Fulltrúi(ar) klúbbsins sækja tvo af þremur eftirtalinna viðburða:
Svæðisráðstefnur (allar í ykkar svæði) 2 embættismenn , umdæmisþing 3 þingfulltrúar , Evrópu- eða heimsþing 1 eða fleiri (10 stig fyrir 1 viðburð eða 20 stig fyrir 2 viðburði).

Fjölgun

- ▶ Klúbburinn kemur að stofnun á nýjum hefðbundnum Kiwanisklúbbi. Oft koma fleiri en einn klúbbur að stofnun nýs klúbbs. (10 stig).
- ▶ Í **lok ágúst** eru skv. skýrslum umdæmisritara klúbbfélagar fleiri en við upphaf þess
 - 1 félaga – 10 stig
 - 2 félögum - 15 stigHver auka félagi umfram 2 gefur 5 stig.

Hér er miðað við ágúst lok þannig að hægt verði að afhenda viðurkenningar fyrirmyndarklúbba á umdæmisþingi. Ef ágúst og septemberskýrslur leiða í ljós að klúbbur hafi fjölgað og náð tilskyldum stigafjölda hljóta þeir að sjálfsögðu útnefningu, en eftirá.

Viðurkenningin „Fyrirmyndarklúbbur” „Fyrirmyndarfélagar“

Nái Kiwanisklúbbur samtals 100 stigum á hann rétt að hljóta útnefningu sem fyrirmyndarklúbbur og tilhlýðilegar viðurkenningar til marks um árangur klúbbsins. Hafi forseti og ritari einnig verið fyrirmyndarfélagar þá hljóta þeir einnig sérstaka viðurkenningu.